

gegn ákvæðum 101., 113., og 205. greinar hegningarlaganna. Ákærður Sigurjón hefir með dómi uppkveðnum í aukarétti Reykjavíkur 9. apríl 1927, verið dæmdur í 9 mánaða betrunarhússvinnu fyrir brot gegn ákvæðum 230. og 231. greina hegningarlaganna og fyrir bannlagabrot.

Framangreint afbrot ákærðu ber að álitu dómarans að heimfæra undir 6. grein laga nr. 51 frá 1928 og þykir refsing ákærða Sigurjóns hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði, en refsing ákærða Magnúsar samskonar fangelsi í 45 daga. Ákærðir greiði Sigurði Jónssyni fornsala in solidum 20 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði þeir in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Miðvikudaginn 4. maí 1932.

Nr. 4/1932. **Réttvísín og valdstjórnin**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Guðjóni Benediktssyni, Þorsteini Péturssyni, Jónasi Guðjónssyni, Magnúsi J. Þorvarðssyni, Georg Hans Knudsen og Hauki Siegfried Björnssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Brot gegn 101. og 113. gr. hegnl. m. m.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. ágúst 1931: Ákærður, Guðjón Benediktsson, sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákærður, Þorsteinn Pétursson, sæti 60 daga og ákærður, Jónas Guðjónsson, 15 daga samskonar fangelsi.

En fullnustu fangelsisrefsingar þessara manna skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 6. nóv. 1907 eru haldin.

Magnús Jóhann Þorvarðsson sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og Georg Hans Knudsen 30 daga samskonar refsingu.

Sigfried Haukur Björnsson greiði kr. 100,00 í sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 7 daga einföldu fangelsi verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sé sýkn af ákæru réttvísinnar í málinu.

Loks greiði Þorsteinn Pétursson, Guðjón Benediktsson, og Magnús Jóhann Þorvarðsson in solidum $\frac{1}{2}$ sakarkostnaðarins, en Sigfried Haukur Björnsson og Jónas Guðjónsson in solidum $\frac{1}{2}$.

Ennfremur greiði Magnús Jóhann Þorvarðsson, Georg Hans Knudsen hvor talsmanni sínum Jóni Hallvarðssyni cand. jur. kr. 30.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot allra hinna ákærðu eru í hinum áfrýjaða dómi réttilega heimfærð undir lagagreinar þær, er þar eru nefndar, að því fráskildu, að brot ákærða, Hauks Siegfrieds Björnssonar, ber einnig að heimfæra undir 2. mgr. 113 gr. hegningarlagna, og að ekki verður talið, að neinn hinna ákærðu hafi gerzt brotlegur gegn 2. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur frá 1. febr. 1930. Um refsingu ákærðra, Þorsteins Péturssonar, Magnúsar Jóhanns Þorvarðssonar og Georgs Hans Knudsens, skal hinum áfrýjaða dómi vera óraskað.

Ákærði, Guðjón Benediktsson, sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, ákærði, Jónas Guðjónsson, 20 daga samskonar fangelsi og ákærði, Haukur Siegfried Björnsson, 20 daga samskonar fangelsi, en refsingu þessara þriggja manna skal frestað og hún falla niður eftir fimm ár frá upp-sögn dóms þessa, ef skilyrði laga nr. 39, 16. nív. 1907 eru haldin.

Um greiðslu málsvarnarlauna í héraði skal hinum áfrýjaða dómi óraskað, en allan annan sakarkostnað í héraði og í hæstarétti greiði hinir á-

kærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 120 kr. til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómarinn hefir eigi lagt fram eftirrit af dómum þeim, er ákærði, Georg Hans Knudsen, hefir sætt og getið er í hegningarvottorði hans, og að eftirrit af dómum þessum hefir heldur eigi verið útvegað síðar og lagt fyrir hæstarétt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað að því, er snertir refsingu hinna ákærðu, Þorsteins Péturssonar, Magnúsar Jóhanns Þorvarðssonar og Georgs Hans Knudsen og þá einnig að því, er snertir frestun á refsingu Þorsteins.

Ákærðu, Guðjón Benediktsson, Jónas Guðjónsson og Haukur Siegfried Björnsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, Guðjón í 60 daga, en Jónas og Haukur hvor um sig í 20 daga, en refsingu þessara þriggja manna skal frestað og hún falla niður eftir fimm ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilyrði laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Um greiðslu málsvarnarlauna í héraði skal hinum áfrýjaða dómi óraskað, en allan annan sakarkostnað í héraði og í hæstarétti greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Lárusar Jóhann-

essonar og Sveinbjörns Jónssonar, 120 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu verið höfðað gegn þeim Guðjóni Benediktssyni, Sigfried Hauk Björnssyni, Þorsteini Péturssyni og Georg Hans Knudsen, fyrir brot gegn 12. kapitula hegningarlaganna frá 1869 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur frá 1. febrúar 1930 og ennfremur gegn Magnúsi Jóhanni Þorvarðssyni og Jónasi Guðjónssyni fyrir brot gegn 12. og 18. kapitula hegningarlaganna og nýnefndri lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Málavextir eru eftir því, sem upplýst hefir verið við rannsókn málsins, sem hér segir:

Þann 29. dez. f. á. var fundur atvinnulausra manna haldinn í fundarsal við Bröttugötu. Var þar kosin nefnd til að annast framkvæmdir í atvinnuleysismálinu. Um líkt leyti höfðu verkamenn talað við forseta bæjarstjórnar og farið þess á leit við hann að atvinnuleysismálið yrði tekið fyrir á bæjarstjórnarfundi, er halda átti 30. dez. Í sambandi við þetta hvöttu Alþýðu- og Verkalýðsblaðið flokksmenn sína til að fjölmenna á nefndan bæjarstjórnarfund.

Á bæjarstjórnarfundinum var fjárhagsáætlun bæjarins á dagskrá. Var fundur settur kl. 4 e. h. í Goodtemplarahúsinu. Dreif nú brátt að margt áheyranda og gerðist þröng í húsinu.

Fór fundurinn sæmilega fram og bar ekki til að byrja með á neinu sérlegu misferli. Þó gripu áheyrndur einstöku sinnum fram í fyrir ræðumönnum. Bar ekki neitt sérstakt til tíðinda til kl. 8, er fundurinn hafði staðið í 4 klukkustundir. Lýsti forseti bæjarstjórnar þá yfir því, að fundarhlé yrði til kl. 9,30.

Stóð þá upp ákærður, Guðjón Benediktsson, ávarpaði bæjarfulltrúa og vitti forseta bæjarstjórnar fyrir að hafa ekki tekið fyrir atvinnuleysismálið á fundinum og krafðist þess að það yrði tekið fyrir þar.

Eitt vitnið hefir borið, að Guðjón Benediktsson hafi

sagt, að hann og fylgismenn hans mundi eiga þess úr-ræði, að knýja bæjarfulltrúana til þess að taka málið fyrir, og annað vitni segist um þetta leyti hafa heyrt lík orð töluð og heldur að Guðjón hafi rætt þau, en Guðjón hefir stöðugt neitað að hafa sagt þessi eða lík orð.

Mæltist Guðjón því næst til þess við áheyrendur, að sem flestir kæmu aftur á fundarstað og tóku ýmsir undir það.

Kl. 9,30 hófst fundur að nýju. Fylltist húsið brátt aftur og urðu þrengsli mikil. Tóku menn þá að fara inn fyrir grindur, er skildu áheyrendur frá bæjarfulltrúunum. Töluðu menn saman og gripu mikið fram í fyrir bæjarfulltrúa Jakob Möller, er var að tala, og kvað svo mikið að því, að vont var að fylgjast með ræðu hans. Skoraði þá forseti á menn þá, er voru innan grinda að þoka framfyrir, en menn hlýddu ekki boði hans. Þá kveður lög-reglustjóri, er var einn bæjarfulltrúanna, lögregluþjóna þá, eitthvað fimm að tölu, er viðstaddir voru einkennis-klæddir, inn á fundarsvæðið. Með þeim fylgdist Sveinn Sæmundsson, lögregluþjónn, er þarna var staddur civil-klæddur. Skipaði lögreglustjóri þeim að rýma fundar-svæðið. Eftir að lögregluþjónarnir höfðu beðið menn að rýma til og fara fram fyrir grindur án þess því væri hlýtt, tóku þeir að stjaka mönnum framfyrir. Við þetta kom mikill órói á mannfjöldann frammi í salnum og ruddust menn á móti lögregluþjónunum. Féll þá niður grindverk það, er skilur áheyrendasvæðið og fundarsvæði hússins.

Varð nú hlé um stund. Ávarpaði þá forseti bæjarstjórnar áheyrendur og kvaðst neyddur til að slíta fundi, ef hljóð fengist ekki. Steig nú ákærður, Þorsteinn Pétursson, upp á borð og krafðist þess, að atvinnuleysismálið yrði tekið til meðferðar. Í tilefni af því, að forseti bæjarstjórnar kvað framferði þetta leiða til þess, að bæjarstjórnarfundir yrðu framvegis haldnir fyrir lokuðum dyrum, lýsti Þorsteinn Pétursson yfir því, að á öllum húsum væru dyr og gluggar, og mundu verkamenn brjótast þar inn um. Eitt vitni hefir og borið, að Þorsteinn hafi sagt, að fulltrúar bæjarstjórnar fengju ekki að fara af fundi fyrr en atvinnuleysismálið hefði verið tekið fyrir. Var ræðu Þorsteins tekið með þakklæti meðal áheyrenda.

Um líkt leyti steig og Haukur Björnsson, að því er hann hefir játað sjálfur upp á bekk og sagði nokkur orð. Skor-

aði hann á bæjarstjórnina að taka atvinnubótamálið á dagskrá, einnig kveðst hann hafa beðið lögreglustjóra að láta lögregluþjónana fara af þessari samkomu. Hann kveðst og ennfremur hafa beðið menn, er hann sá að ætluðu að nota barefli, að beita þeim ekki.

Þá talaði og ákærður, Guðjón Benediktsson, og krafðist þess, að atvinnuleysismálið yrði tekið til umræðu, og lýsti yfir því, að því er tvö vitni bera, að enginn fundarfríður yrði nema atvinnuleysismálið yrði tekið til meðferðar. Einnig bera tvö vitni, að Guðjón hafi sagt, að enginn bæjarfulltrúanna skyldi út úr húsinu komast fyrr en atvinnubótamálið hefði verið rætt. Þriðja vitni segist hafa heyrt þessi síðustu orð og heldur, að Guðjón hafi sagt þau. Fjórða vitnið segist muna, að Guðjón hafi haft í frammi hótanir við bæjarfulltrúana, en segist ekki muna orðin nákvæmlega. Guðjón Benediktsson segist hinsvegar ekki muna til að hafa sagt orð þessi eða lík orð.

Laust nú aftur í slag miklu verri en hinn fyrri. Var veitst að lögreglunni með öllu því er fyrir hendi varð, svo sem glösum, könnum stólum, blekbyttum og fleiru. Í þessari viðureign hlutu fjórir lögregluþjónar meiðsli og skemmdir á fötum án þess þó að þeir gætu gert sér grein fyrir, hverjir væru að þeim meiðslum valdir. Karl Guðmundsson, lögregluþjónn, var snúinn úr liði á þumal fingri á hægri hendi. Sveinn Sæmundsson varð fyrir alvarlegum meiðslum í andliti. Var kastað glerglasi eða flösku í höfuð honum og skarst hann töluvert á enni. Fékk hann marga smáskurði, þann lengsta ca. 3 cm. og allt niður í stungur, er glerbrotin sátu eftir í. Um líkt leyti var sami lögregluþjónn hæfður hnefahöggi í efri vör og sprakk fyrir á vörinni. Var höggið svo mikið að hann riðaði eða féll við. Náði sprungan frá nefi niður í vararenda ca. 3 cm. og næstum gegnum vörina. Varð að sauma þann skurð saman.

Ingólfur Þorsteinsson fékk högg í höfuðið svo að sprakk fyrir og blæddi úr, auk þess sem hann hruflaðist á hné og niður eftir fótleggnum.

Magnús Eggertsson, sem kom um leið ekki einkennisklæddur og óeirðirnar byrjuðu, fékk blóðnasir. Gáfu þessir tveir menn skýrslu um þetta strax til yfirlögregluþjónsins, er hefir síðan staðfest hana fyrir rétti.

Það er upplýst í málinu með vitnaframburði og játningu ákærðs Magnúsar Jóhanns Þorvarðssonar, að hann sló Svein Sæmundsson á efri vör. Segist ákærði hafa verið sleginn í bakið í mannþrönginni. Hafi hann þá snúið sér snögg við og slegið þann er næstur stóð en það var áður nefndur Sveinn Sæmundsson. Hann segist hafa tekið eftir því, að maður sá er hann sló var ekki í ein-kennisbúningi lögregluþjóna, en veitti lögreglunni lið. Var honum eftir á sagt, að maður þessi væri lögregluþjónn, tók hann þá að ráma í að hann hefði séð hann í ein-kennisbúningi lögregluþjóna. Fullyrðir ákærður að hann hafi haft kyrt um sig bæði á undan og á eftir og hafi alls ekki farið inn í salinn í þeim tilgangi að veitast að lögreglunni. Telur hann sig hafa gert þetta í fljótfærni og bræði yfir hrindingum þeim, er hann hafi orðið fyrir. Eitt vitnið hefir borið, að það hafi séð Georg Hans Knudsen slá Ingólf Þorsteinsson í höfuðið. Segir vitnið, að Georg hafi sætt lagi að slá lögregluþjóninn, er hann leit inn eftir salnum. Þessu harðneitar ákærður, en viðurkennir hinsvegar að hafa gert tilraun til að slá Pálma Jónsson lögregluþjón, en hann vék sér undan högginu, svo að ákærður missti hans. Ákærður, Georg Hans Knudsen, ber það, að hann hafi séð Jónas Guðjónsson eigast við Karl Guðmundsson, segir hann að Jónas hafi haldið fyrir kverkarnar á Karli. Ekki segist hann hafa séð mann þennan eiga neitt við hönd Karls. Ákærður, Jónas Guðjónsson, lýsir þessum viðskiptum sínum við Karl lögregluþjón þannig, að er lögregluþjónninn ætlaði að gripa mann, er hann átti við, hafi hnefi hans lent í brjósti ákærða og tók hann þá á móti. Urðu úr þessu dálitlar stymingar milli hans og lögregluþjónsins. Segist hann síðan hafa spurt lögregluþjóninn, hvort hann hafi meitt hann nokkuð og beðið hann fyrirgefningar. Segir hann lögregluþjóninn hafa sagt við sig, að hann ætti ekki að vera að þessum fíflaskap. Karl Guðmundsson þorir ekkert um það að bera, hvort hann hafi lent í ryskingum við mann þennan og ekkert hefir fram komið, er geti hnekkst framburði Jónasar um viðureign þeirra Karls. Ákærður, Þorsteinn Pétursson, hefir viðurkennt, að hafa sætt lagi að koma félögum sínum til aðstoðar í slagnum, en neitar því, að hafa barið á lögregluþjónunum, en oft þrifið til þeirra.

Hann játar og að hafa eggjað fólk í orði og verki til sóknar gegn lögreglunni, meðan á slagnum stóð og ætlast til að sigra hana eða koma henni út, en neitar því hinsvegar, að ákveðið hafi verið fyrirfram um neinar óspektir á bæjarstjórnarfundinum.

Í fyrri atrennunni lenti ákærður, Siegfried Haukur Björnsson, í ryskingum við Magnús Pétursson Hjaltested lögregluþjón, er hann ætlaði að koma ákærðum út fyrir grindurnar. Ekki gerði ákærður neinar tilraunir til að slá lögregluþjóninn, braust aðeins um í höndum hans. Í seinni slagnum segist Haukur hafa staðið framarlega í húsinu. Urðu handalögmálin aðallega innan grinda og segist hann ekki hafa tekið þátt í þeim, enda ekkert upplýst, er hnekki þeim framburði hans. Hann hefir játað hinsvegar, að hafa kvatt verkamenn til að standa á móti í ganginum en ekki eggjað þá til framgöngu, en er harðnaði segist hann hafa reynt til að stilla í hóf og jafnvel til að fá menn til að fara út úr húsinu. Hann segist og hafa tekið þátt í jafnaðarmannasöngvum, er sungnir voru þarna. Þá hafa og tvö vitni borið, að ákærður hafi verið með köll og hávaða meðan á ryskingunum stóð.

Um ákærðan, Guðjón Benediktsson, er í þessu sambandi það að segja, að ekki er upplýst, að hann hafi tekið þátt í slagsmálum, en eftir að áflogunum létti, og forseti hafði lýst yfir því, að fundi væri slitið, steig ákærður Guðjón upp á borð og skoraði á forseta að setja fund og taka þá fyrir atvinnuleysismálið.

Af rannsókn málsins verður nú ekki séð, að nægar sannanir eða líkur séu framkomnar fyrir því, að það hafi verið tilgangurinn er Verklýðsblaðið og Alþýðublaðið hvöttu menn til að mæta á margumræddum bæjarstjórnarfundum að hleypa upp fundinum eða tálma honum með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi og verður þessvegna ekki álitíð að hér sé um samtök til afbrota að ræða sbr. 55. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Skal nú tekin til meðferðar framkoma hinna ákærðu hvers fyrir sig á bæjarstjórnarfundinum.

I. Framkoma ákærða, Guðjóns Benediktssonar, sú, er lýst er hér að framan, var fyrst og fremst fallin til þess að glepja störf bæjarstjórnarfundarins og auk þess hlaut ákærðum að vera það ljóst, að hann æsti mannfjöldann

upp með ræðum sinum og átti á þann hátt þátt í upphlaupinu. Þykir þessvegna ekki verða hjá því komizt, að heimfæra brot hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, undir 113. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur frá 1. febrúar 1930 og 1. og 2. gr., sbr. 96. gr., og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til réttilega ákveðin 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en með tilliti til hinnar góðu hegðunar manns þessa, sem aldrei hefir sætt ákæru fyrir neitt refsivert athæfi áður, svo og aldurs hans þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að fangelsisrefsingunni skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ára uppsögn dóms þessa, ef fullnægt verður skilyrðum laganna.

II. Um framkomu ákærðs, Þorsteins Péturssonar, á það við, er sagt var um framkomu Guðjóns Benediktssonar hér að framan. En þar við bætist, að Þorsteinn Pétursson hefir játað, enda þeirri játning engan veginn hnekkst við rannsókn málsins, að hafa eggjað fólk í orði og verki gegn lögreglunni meðan á slagnum stóð. Ákærður hefir í lögreglurétti Reykjavíkur 15. apríl 1930 undirgengizt að greiða sekt fyrir ölvun á almannafæri, en öðru leyti ekki sætt ákæru fyrir refsivert athæfi, þykir rétt að heimfæra brot hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, undir 101. og 113. gr. hinna almennu hegningarlaga svo og lögreglusamþykkt Reykjavíkur 1. og 2. gr. sbr. 96. gr. og ákveðst refsingin 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en með tilliti til hegðunar hans að undanfögnu svo og aldurs hans þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39 1907, að fangelsisrefsingunni skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef fullnægt verður skilyrðum laganna.

III. Um framkomu Siegfried Hauks Björnssonar er það að segja, að ekki þykir sannað, að hann hafi með ofbeldi eða á annan slíkan hátt slitið eða glapið umræðurnar á nefndum bæjarstjórnarfundi. Ekki er það heldur upplýst við rannsókn máls þessa, að hann hafi gert sig sekan gagnvart lögregluþjónunum í mótgerðum þeim, er ræðir um í 101. gr. hegningarlaganna. Ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í þessu máli. Hinsvegar þykir það sannað, að hann hafi meðan á rýskingunum stóð verið

með köll og hávaða, og hann hefir viðurkennt sjálfur, að hafa stigið upp á bekk og sagt nokkur orð, áður en seinni rýskingarnar byrjuðu. Með þessu framferði þykir hann, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hafa brotið gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur 1. og 2. gr. sbr. 96. gr. Þykir hæfilegt að dæma hann í 100 króna sekt, er renni í rikissjóð og afplánist með 7 daga fangelsi verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

IV. Brot Jónasar Guðjónssonar, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, eins og því er lýst hér að framan, þykir heyra undir 101. og 113. gr. hegningarlaganna og lögreglusamþykkt Reykjavíkur 1. og 2. gr., sbr. 96. gr., og ákveðst refsing hans 15. daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en rétt þykir með tilliti til þess að maður þessi hefir aldrei áður sætt ákæru fyrir refsivert athæfi og hins unga aldurs hans að refsingunni skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa ef skilyrði laga nr. 39 1907 eru haldin. Hinsvegar ber að sýkna hann af ákæru gegn 18. kapitula hegningarlaganna með því, að engar sannanir eru fyrir um að hann hafi meitt lögregluþjóninn Karl Guðmundsson.

V. Afbrot Magnúsar Jóhanns Þorvarðssonar, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, verður að heimfæra undir 101., 113. og 205. gr. hegningarlaganna og lögreglusamþykkt Reykjavíkur 1. og 2. gr. sbr. 96. gr. Maður þessi hefir með dómi lögregluréttar Reykjavíkur 9. okt. 1928 sætt 50 króna sekt fyrir brot á áfengislögunum. Ennfremur hefir hann í sama rétti undirgengizt eftirtaldar sektargreiðslur:

1. 6/1 1927, 25 króna sekt fyrir brot á lögreglusamþykktinni. Hinn 17/5 sama ár 60 króna sekt fyrir ölvun á almannaferi. Hinn 4/7 1929 50 króna sekt fyrir ölvun á almannaferi og 11/9 sama ár 50 kr. sekt fyrir sama brot. Hinn 15/1 og 15/4 1930 50 króna sekt í hvort skipti fyrir ölvun á almannaferi.

Þykir refsingin hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

VI. Brot Georgs Hans Knudsen, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, þykir réttilega heimfært undir 101. og 113. gr. hegningarlaganna og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, 1. og 2. gr., sbr. 96. gr.

Hann hefir verið dæmdur í eftirfarandi refsingar:

1. Með dómi, uppkv. í aukarétti Reykjavíkur hinn 5/3 1926, var hann dæmdur í skilorðsbundið fangelsi í 60 daga við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 230. og 231. gr. hegningarlaganna.

2. Hinn 9/4 1926 var hann með dómi sama réttar dæmdur í 9 mánaða betrunarhússvinnu fyrir brot gegn 232. gr. hegningarlaganna og bannlagabrot.

3. Hinn 28/1 1929, var hann með dómi sama réttar dæmdur í 8 mánaða betrunarhússvinnu fyrir brot gegn 7. og 8. gr. laga nr. 51 frá 1928 og 231. sbr. 46. gr. hegningarlaganna.

4. Hinn 15/1 og 17/12 1927 undirgekkst hann 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

5. Hinn 30/5 1928 undirgekkst hann 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

6. Hinn 8/5 1929 undirgekkst hann 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. Hinn 30/5, 2/11, 2/12 1930 undirgekkst hann 50 króna sekt í hvert skipti fyrir ölvun á almannafæri. Og hinn 3/10 sama ár 300 króna sekt fyrir ölvun og árás á lögregluna.

Refsing sú, er maður þessi hefir unnið til með framangreindu athæfi sínu, þykir réttilega ákveðin 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærðir, Þorsteinn Pétursson, Guðjón Benediktsson og Magnús Jóhann Þorvarðsson, greiði in solidum $\frac{4}{5}$ sakarkostnaðar. Sigfried Haukur Björnsson og Jónas Guðjónsson in solidum $\frac{1}{5}$. Svo greiði Magnús Jóhann Þorvarðsson og Georg Hans Knudsen hvor talsmanni þeirra, cand. jur. Jóni Hallvarðssyni kr. 30,00.

Skaðabóta hefir ekki verið krafizt undir rekstri málsins.

Dráttur sá, sem hefir orðið á þessu máli af hálfu setudómarans, stafar af því, að ekki var hægt fyrr, að ná til allra þeirra manna, er kalla þurfti fyrir rétt áður en málið var tekið til dóms.

